

Mál nr. 6

Knattspyrnudeild UMFN, Njarðvík gegn KÍB, knattspyrnubandalagi Ísafjarðar og Bolungarvíkur

Kæra

Stjórn Knattspyrnudeildar UMFN leggur fram formlega kæru vegna leiks KÍB og Njarðvíkur í úrslitakeppni 3. deildar miðvikudaginn 1. september. Stjórnin telur að mistök dómara í leiknum hafi kostað að keppnislið okkar hafi misst af langþráðu takmarki deildarinnar, að færast upp á milli deilda.

Við teljum að tveir úrskurðir í leiknum séu ólöglegir og hafi haft það mikil áhrif á leikinn að vert sé að dæma um það.

Sá fyrri er brottrekstur leikmanns nr. 8 í liði okkar í upphafi síðari hálfleiks og tímasetning hennar. Aðdragandi þess úrskurðar er að tveir leikmenn okkar lenda í baráttu við leikmann KÍB og dæmt er á okkur ásamt því að gult spjald fer á loft. Seinna í fyrri hálfleik gefur dómari leiksins leikmanni nr.8 gult spjald í kjölfar brots. Áhorfendur, leikmenn og aðstandendur KÍB vekja þá athygli dómarans á því að þeir telji að leikmaður nr. 8 sé þegar kominn með tvö gul spjöld. Samkvæmt minnismiða dómara getur hann ekki úrskurðað að svo sé, ekki heldur eftir að hafa ráðfært sig við báða aðstoðardómarana. Í hálfleik virðist sem þetta mál þurfi að fá einhverja endurskoðun og ný gögn komi fram sem sanni að leikmaður nr. 8 sé kominn með tvö gul. Þannig að í upphafi seinni hálfleiks, þegar búið er að leggja drög að leikskipulagi seinni hálfleiks við leikmenn, kemur dómari og gefur leikmanni nr. 8 rautt spjald vegna tveggja gulra sem hann gat ekki fært sönnur á í fyrri hálfleik. Það getur hver maður séð, sem hefur smá þekkingu á gangi mála í knattspyrnu, að svona úrskurður hefur mjög slæm áhrif á liðið. Þjálfara og liðsstjóra gefst ekki kostur á að leggja upp nýtt leikskipulag eins og gert hefði verið ef dómari hefði kveðið upp sinn úrskurð á þeim tímapunkti sem annað (?) gula spjaldið leit ljós.

Þar sem enginn af dómurum leiksins virðist hafa fært spjaldið á réttan leikmann, grípur dómari til þess ráðs (samkvæmt viðtali við hann í DV – hjálagt) að ráðfæra sig við eftirlitsmann leiksins. Við getum ekki séð hvernig hann á að vita hverjum dómari gaf gult spjald, ef þeir þrír hafa ekki fært það á réttan leikmann. Nefnt hefur verið að þegar dómari gaf fyrra spjaldið hafi hann ætlað að gefa leikmanni nr. 9 spjaldið sem var í baráttu við leikmann KÍB í fyrra skiptið en fært það á leikmann nr. 6 en síðan uppgötvað að leikmaður nr. 6 hafi yfirgefið völlinn á 12. mín eftir að hafa meiðst eftir gróft brot sem dómari sá ekki ástæðu til að gefa neitt spjald fyrir. Í viðtali við DV segir dómari: “Þetta var sami leikmaðurinn, sá sem ég hefði getað ruglast á var farinn af velli áður en til spjaldanna kom svo annað var útilokað”. Við viljum vekja athygli á að leikmaður nr. 6 og leikmaður nr. 8 eru ekki það áþekkir að á þeim þurfi að ruglast heldur er ekki ólíklegt að talan 9 á hvolfi t.d. hafi virst vera 6. Einnig segir dómari í DV: “Línuvörðurinn benti mér á þessi mistök rétt fyrir hlé og ég ákvað að reka ekki maninn af velli fyrir en ég hafi ráðfært mig við eftirlitsmanninn í hálfleik”. Þegar þessi staða kom upp voru meira en tíu mín. í hálfleik. Við teljum að þar sem þeir gátu ekki ákveðið sig á þeim tíma sem seinna spjaldið leit ljós hafi dómari ekki átt að hafa meiri afskipti af málum leikmanns nr. 8. Við teljum að dómari leiksins, aðstoðardómarar og eftirlitsmaður leiksins hafi með þessum úrskurði

Í hálfleik gert það mikil mistök sem síðar hafi haft það mikil áhrif á gang mála í seinni hálfleik, að það hafi rýrt alla möguleika okkar á að fá jákvæð úrslit út úr leiknum. Því endurtökum við þá skoðun okkar að “þar sem þeir gátu ekki ákveðið sig á þeim tíma sem spjaldið var gefið hafi dómari ekki átt að hafa meiri afskipti af málum leikmanns nr. 8.”

Seinna atvikið er þegar dómari dæmir mark af Njarðvík vegna rangstöðu undir lok leiksins þegar aðeins sekúndur eru eftir af leiknum í stöðunni 3–3 og leikmenn Njarðvíkur aðeins níu. Við teljum að markvörður KÍB hafi á ólöglegan hátt komið boltanum í leik, sem gaf þeim tíma til að komast að marki Njarðvíkinga og skora þegar aðeins eftir lifði lítið af leiknum. Haft var eftir dómaramum í DV eftirfarandi lýsing: “Markvörðurinn var að flýta sér og henti boltanum fyrir sig með baksnúningi, eins og markverðir gera svo oft, og sendi á næsta mann”.

Í knattspyrnulögum KSÍ segir í 13. grein um aukaspyrnu, beina sem óbeina, “knötturinn skal vera kyrrstæður, þegar aukaspyrnan er tekin og spyrnandinn má ekki leika knettinum öðru sinni fyrr en annar leikmaður hefur snert knöttinn eða leikið honum”. Ekkert segir um þennan baksnúning í reglunum enda öllum ljóst að boltinn er á hreyfingu, sem sá sem spyrnir nýtir sér til að sparka lengra. Þess má einnig geta að leikmaður í liði okkar benti dómaramum á þetta en hann lét þetta viðgangast.

Þar sem hér er um að ræða leik sem sker út um það hvort félagið færir upp um deild, ætti mikilvægi leiksins að vera dómara, aðstoðardómurum og eftirlitsmanni ljóst. Leikurinn var báðum félögum mikilvægur og því eiga þeir að mæta til leiks af áhuga, en ekki bara að þeir séu að fara vestur að dæma einhvern leik í úrslitakeppninni. Það er spurning um hvaða metnað Gylfi Orrason hafi lagt í þennan leik þegar hann fór að heiman í hann og hvað úrslitakeppni 3. deildar eða leikir í 3. deild almennt séu fyrir honum. Fyrir leikmenn í liði Njarðvíkinga og einnig sjálfsagt liði KÍB var þessi leikur stórleikur. Það er því krafa okkar að Knattspyrnusamband Íslands líti einnig svo á. Hér er um mikla vinnu og dýra hjá þeim félögum sem ná því takmarki að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni. Knattspyrnudeild UMFN hefur í sumar sem og undanfarin sumur reynt að færa meiri alvöru í starfið og reynt að búa til umgjörð utan um leiki sýna í 3. deild með ýmsum hætti, burtséð frá því hverjir andstæðingar eru. Það vakti því furðu okkar að er við mættum til leiks um þriðja sætið og það undirritaði metnaðarleysi KSÍ varðandi keppnina að enginn fulltrúi frá þeim væri mættur aðeins eftirlitsmaður og dómari, svo og að sjálfur úrslitaleikur mótsins skyldi fara fram á heimavelli annars liðsins.

Krafa okkar er skýr, við krefjumst þess að:

1. Fram fari annar leikur milli Njarðvíkur og KÍB og þá um 2. og 3. sætið.
2. Gylfi Orrason fái alvarlega áminningu fyrir afgang í starfi.
3. KSÍ fari að taka betur á málefnum 3. deildar og lagi þá galla sem eru á fyrirkomulagi þeirrar keppni.

Með vinsemd og virðingu og von um góða málsmeðferð,
fyrir hönd stjórnar knattspyrnudeildar UMFN,
Leifur Gunnlaugsson, formaður knattspyrnudeildar UMFN
Brynjar Gunnarssonar, ritari knattspyrnudeildar UMFN

Úrskurður knattspyrnudómstóls Vestfjarða

Ár 1999, þriðjudagurinn 30. nóvember, er knattspyrnudómstóll Vestfjarða settur í skrifstofu sýslumannsins á Hólmavík, Hafnarbraut 25, Hólmavík. Í dómnum sitja Halldór Gunnlaugsson, Haraldur Jónsson og Bjarni Stefánsson. Fyrir er tekið málið nr. 1/1999: Knattspyrnudeild UMFN gegn Gylfa Orrasyni, knattspyrnudómara og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Kærandi, knattspyrnudeild UMFN, kærir dómgæslu Gylfa Orrasonar, knattspyrnudómara á leik kæranda við Knattspyrnubandalag Ísafjarðar og Bolungarvíkur (KÍB) í úrslitakeppni 3. deildar, miðvikudaginn 1. september 1999, en leikurinn fór fram á Skeiðisvelli í Bolungarvík og lauk með sigri KÍB með 4 mörkum gegn 3.

Framlögð göng:

1) Kæra knattspyrnudeildar UMFN, dags. 6. september 1999.

Dómkröfur kæranda

Þess er krafist að:

- 1) Fram fari annar leikur milli Njarðvíkur og KÍB og þá um 2. og 3. sætið.
- 2) Gylfi Orrason fái alvarlega áminningu fyrir afgang í starfi.
- 3) KSÍ fari að taka betur á málefnum 3. deildar og lagi þá galla sem eru á fyrirkomulagi þeirrar keppni.

Málavextir

Kærandi byggir máltilbúnað sinn á ætluðum mistökum dómara leiksins, Gylfa Orrasonar, við dómgæslu á framangreindum leik, varðandi brottrekstur leikmanns kæranda og að láta átölulaust að knetti hafi verið komið ólöglega í leik í aukaspyrnu af mótherjum kæranda.

Lagarök kæranda

Í kæru er eingöngu vísað til 13. gr. knattspyrnulaga KSÍ.

Álit dómsins og niðurstöður

Í reglugerð Knattspyrnusambands Íslands um knattspyrnumót, sem samþykkt voru á ársþingi KSÍ 1993 með br. 1994-1999, segir í grein 4.2.3 að um máltilbúnað o.fl. fari samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ.

Í 1. tl. 2. gr. dóms- og refsíákvæða ÍSÍ eru taldar upp þær tegundir brota sem koma til álita við brot gegn móta- og leikreglum aðila Íþróttasambands Íslands.

Samkvæmt 2. tl. 7. gr. dóms- og refsíákvæða ÍSÍ er það m.a. skilyrði fyrir kæru að háttsemi þeirri sem kærði er kærður fyrir að hafa haft í frammi, “skal lýst svo greinilega sem kostur er í sem fæstum orðum. Þar skal ennfremur getið þess lagaboðs, sem talið er að hann hafi brotið af sér, svo og þess ákvæðis sem heimilar kæru”.

Varðandi tilvísun kæranda til 13. gr. svokallaðra “knattspyrnulaga” þá ber þess að geta þar er átt við reglur Alþjóða Knattspyrnusambandsins FIFA varðandi leikreglur um knattspyrnukappleiki o.fl. Knattspyrnusamband Íslands hefur látið þýða þessar reglur og gefið út í bókaformi og nefnist nýjasta bókin “Knattspyrnulögin 1996” og

var hún gefin út þann 16. apríl 1996 með formálsorðum formanns KSÍ og síðar hefur dómarnefnd KSÍ séð um að láta þýða og gefa út þær breytingar sem alþjóðanefnd FIFA hefur gert á reglum um knattspyrnu. Í 5. gr. reglna Alþjóða Knattspyrnusambandsins er fjallað um knattspyrnudómara, en þar segir m.a. orðrétt: “Úrskurður hans varðandi atvik leiksins eru endanlegar hvað varðar úrslit leiksins”.

Af málatilbúningi kæranda verður eigi séð til hvaða tegundir brota dóms- og refsíákvæða ÍSÍ hann telur hafa verið brotin né heldur er vitnað til lagaákvæða við kröfugerð og því eigi hægt að taka mál þetta til frekari efnismeðferðar og því vísað frá dómi.

Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Halldór Gunnlaugsson
Haraldur Jónsson
Bjarni Stefánsson